

Sp.

98. Tillaga til þingsályktunar

[89. mál]

um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa.

Flm.: Helgi Seljan, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara gagngera athugun á sláturhúsum landsins með þessi meginmarkmið í huga:

1. Tryggður verði sem best rekstrargrundvöllur þeirra sláturhúsa sem nú standa lakast, m. a. með því að gera markvisst átak til þess að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo lengja megi nýtingartíma þeirra.
2. Sérstök áhersla verði lögð á að endurbæta eldri sláturhús svo viðunandi sé og ekki þurfi að ráðast í nýbyggingar. Sérstaklega sé þetta kannað þar sem sláturhúsavinna er snar þáttur í afkomu fólks í nágrenninu.

Greinargerð.

Málefni það, sem þessi tillaga fjallar um, hefur æði oft verið til meðferðar á vegum stjórnvalda. Nefndir hafa starfað að verkefninu og skilað álitum. Sumt af því hefur náð fram að ganga, en í mörgu er óbreytt ástand, sem telja má með réttu alls óviðunandi.

Vegna þess hverjar kröfur voru gerðar um húsbyggingar og aðstöðu alla hafa risið upp fokdýrar byggingar sem ógerningur er víða að standi undir fjármagnskostnaði. Þessar kröfur eru sumpart til komnar vegna erlendra markaða sem hlýtur að teljast í meira lagi vafasamt miðað við allar aðstæður, þ. e. litla og minnkandi sölumöguleika og ófullnægjandi verð fyrir vöruna.

Lítt hefur og verið að því gætt hvaða möguleikar kunni að vera á betri nýtingu þessara stórbygginga eftir að þeim hefur verið komið upp. Flm. draga ekkert úr nauðsyn þess að fyllstu hreinlætiskröfur séu gerðar þar sem um matvæli er að ræða en það ætti víða að vera unnt að gera með nauðsynlegum endurbótum og auknu eftirliti. Flm. leggja einnig áherslu á að eðlilegt er að leggja niður smæstu og óhagstæðustu einingarnar þar sem engin leið er til endurbóta án gífurlegs kostnaðar, allra helst þar sem þær skipta litlu eða engu máli fyrir atvinnuástand viðkomandi svæðis. Hér er vissulega vandi að vega og meta. Hins vegar er rekstrargrundvöllur ýmissa nýrra húsa nú lítill eða enginn og þeir, sem þar standa að baki, eygja sums staðar enga leið til að halda slátrun þar áfram, nema skerða grundvallarverðið til bænda um marga tugi prósentu. Svo mun t. d. ástatt um sláturhúsin á Breiðdalsvík og Patreksfirði, og knýjandi nauðsyn að koma til móts við þessa aðila og það sem allra fyrst. Að því lýtur fyrra áhersluatriðið í tillögunni. Þessi hús eru staðreynd og þeirri staðreynd þarf að mæta. Inn í þá mynd kemur einnig sú spurning sem knýr á við alla skoðun þessara mála: Hvernig má nýta hinar fullkomnu og dýru byggingar betur og lengur en nú er gert? Úrvinnsla hvers konar hlýtur að koma þar fyrst til álita, svo og allir aðrir tiltækir möguleikar sem ekki valda röskun á þeirri mánaðarnotkun sem yfirleitt er í sláturhúsunum. Þar ætti að vera unnt að gera átak, þótt flm. sé ljóst að ýmislegt hefur þar verið athugað og ekki virðist um auðsóttar leiðir að ræða.

Annað áhersluatriðið lýtur að þeim framkvæmdum sem á þarf að halda í framtíðinni svo að skapa megi viðunandi aðstöðu þar sem þess er álitin þörf. Hér þarf að dómi flm. að leita allra tiltækra leiða til endurbóta, m. a. með viðbyggingum ef nauðsynlegar eru við þau sláturhús sem vegna allra aðstæðna er óhjákvæmilegt að nýta áfram eða eru það snar þáttur í búsetu fólks á svæðinu vegna atvinnuauka að skylt sé að halda þeim gangandi. Allt þarf að gera sem unnt er til að hindra það að allt of stórar og dýrar byggingar verði reistar í framtíðinni, nema þá að þeim séu um leið tryggð viðbótarverkefni. Sem dæmi nefna flm. Djúfavog þar sem með endurbótum er unnt að skapa viðunandi aðstöðu með fyllstu

hreinlætiskröfur í huga í stað nýbyggingar sem yrði heimamönnum ofviða. Svipuðu máli gegnir um Hofshrepp í Öräfum, en þar hefur slátrun lengi verið mikil búbót og í raun ein megintryggingin fyrir þeirri búsetu sem þar hefur þróast og haldist. Þar yrði um verulegt áfall að ræða ef slátrun yrði hætt og því mikil nauðsyn á því að þar verði áfram aðstaða og hún bætt svo sem lágmarkskröfur segja til um í stað þess að leggja hana af.

Flm. benda á að hreinlæti og umgengni þarf ekki að vera síðri í minni húsum en hinum stærri. Það fer mjög eftir starfsfólki og vitanlega aðstæðum um leið. Leita þarf því leiða til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi rekstur þar sem kleift er og þörf er á án þess að leggja í mikinn kostnað, en þó þannig að hreinlætiskröfum sé fullnægt og viðunandi aðstaða, m. a. fyrir starfsfólk, sé tryggð.

Tillagan beinist að þessum aðalmarkmiðum: Bættri nýtingu húsanna, rekstrargrundvöllur sé tryggður og ráðist sé í endurbætur í stað nýbygginga þar sem unnt er.

Nánar verður að málinu vikið í framsögu.